



Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Rangárbæing ytra árið 2019

Reglur um afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi til elli- og örorkulífeyrisþega í sveitarfélaginu Rangárbæing ytra.

1. gr.

Fasteignaskattur og fráveitugjald af íbúðarhúsnæði í eigu tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega í sveitarfélaginu Rangárbæing ytra sem þeir nýta sjálfir, skal lækkaður eða felldur niður samkvæmt heimild í 4.mgr. 5.gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Til að njóta afsláttar þarf að uppfylla annað hvort:

- a) vera 67 ára á næsta ári á undan álagningarári eða
- b) hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir 1. janúar 2019.

Afslátturinn nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi sannanlega býr í. Rangárbæing ytra sækir upplýsingar við útreikning afsláttar í upplýsingakerfi ríkisskattstjóra. Ekki er þörf á að sækja um afsláttinn til sveitarfélagsins nema samkvæmt 4. gr. hér að neðan.

3. gr.

Niðurfelling eða lækun miðar við allar skattskyldar tekjur þ.m.t. fjármagnstekjur ársins 2017 eins og þær eru samkvæmt skattframtali 2018, endurskoðað í ágúst miðað við tekjur 2018 samkvæmt skattframtali 2019. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

a) Ef um er að ræða **einstaklinga**;

- með brúttótekjur undir 3.065.437 kr. getur niðurfelling orðið 100%
- með brúttótekjur milli 3.065.438 - 3.544.057 kr. getur niðurfelling orðið 75%
- með brúttótekjur milli 3.544.058 – 4.047.745 kr. getur niðurfelling orðið 50%
- með brúttótekjur milli 4.047.746 – 4.558.272 kr. getur niðurfelling orðið 25%

b) Ef um er að ræða **hjón**;

- með brúttótekjur undir 4.568.528 kr., getur niðurfelling orðið 100%
- með brúttótekjur milli 4.568.529 – 5.267.082 kr. getur niðurfelling orðið 75%
- með brúttótekjur milli 5.267.083 – 5.957.661 kr. getur niðurfelling orðið 50%
- með brúttótekjur milli 5.957.662 – 6.665.334 kr. getur niðurfelling orðið 25%

Viðmiðunartekjurnar eru heildartekjur umsækjanda, þ.e tekjur sem mynda álagningarstofn tekjuskatts- útsvars og fjármagnstekjuskatts eins og þessar tekjur voru næsta ári á undan álagningarári.

4. gr.

Við fráfall maka/sambýlismanns tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega er eftirlifandi maka með tekjur allt að 5.140.757 krónur á ári heimilt að sækja um sérstakan afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi af húsnæði sem hann býr í. Tekjuviðmið eru þau sömu og í 2.gr. um tekjuviðmið.

Ágúst Sigurðsson
sveitarstjóri Rangárbæings ytra